

Mál nr. 340/2010

**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á innbúsmunum úr geymslu þann 10.5.2010.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 28.10.2010, ásamt fylgigögnum nr. 1-5.
2. Bréf X, dags 8.11.2010, ásamt fylgigögnum nr. 1-4.

Málsatvik.

Þann 2.5.2010 var brotist inn í bifreið í eigu M og úr henni stolið handtösku með ýmsum munum, svo sem greiðslukortum, ökuskrteini, snyrtivörum, hring og gleraugum. Þann 10.5.2010 var lögreglu tilkynnt um þjófnað úr tveimur geymslum á geymslugangi í nánar tilgreindu fjölbýlishúsi í Reykjavík, þar sem M búa. Þau áttu aðra geymsluna og frá þeim var stolið veiðibúnaði, þ.e. veiðitösku með fjórum veiðihjólum, svo og þremur veiðistöngum ásamt veiðilínunum.

Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að engin ummerki hafi verið á útidyráhurðum fjölbýlishússins né hurðum inn á geymsluganginn. Sjálfar geymsluhurðirnar hafi hins vegar verið ólæstar. Íbúar í húsinu töldu að þjófarnir hafi komist inn á stigaganginn með lykli sem þeir hafi komist yfir er brotist var inn í bifreið M. Í málskoti telja M að þjófarnir hafi að öllum líkindum notað húslykil þeirra til að opna geymsluhurðina. Jafnframt greina M frá því að þau hafi skipt um læsingu á hurð að íbúð sinni, en beðið hafi verið eftir lásasmið til að skipta um læsingu á geymslu- og bílskúrshurð. Sömu leiðis hafi húsfélagið verið búð að panta lásasmið til að skipta um læsingu á sjálfri útidyráhurðinni, en ekki unnist tími til að skipta um læsinguna áður en þjófnaðurinn var framinn.

M hafa krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið falli utan gildissviðs vátryggingarinnar.

Álit.

Á yfirlitsmynd í 8. gr. vátryggingarskilmála innbústryggingar, sem M hafa hjá X, eru tilgreind þau tjónsatvik sem vátryggingin tekur til, en þar á meðal er innbrotsþjófnaður. Segir þar að vátryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð o.fl. og það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Samkvæmt gögnum málsins voru engin ummerki um innbrot á vettvangi, hvorki á útidyráhurð né geymsluhurð eða dyraumbúnaði geymslunnar að öðru leyti. Eins og málið liggur fyrir er heldur ekki sannað að lykill, sem hefur verið stolið við innbrot í bifreið M, hafi verið notaður til að komast inn í geymslu M í umrætt sinn. Skilyrðum bótaskyldu hvað varðar ótvíræð merki um innbrot á vettvangi hefur því ekki verið fullnægt. Af því leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr innbústryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr innbústryggingu þeirra hjá X.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.